

FJALLSKILADEILD GRÍMSTUNGU- OG HAUKAGILSHEIÐA

Almennur fundur í Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða, sunnudaginn 28. apríl 2019.

Fundurinn haldinn í Flóðvangi og hófst klukkan 21:30.

Egill Herbertsson, formaður, setti fundinn og lagði til að Þóra Margrét Lúthersdóttir yrði fundarstjóri og Jón Árni Magnússon, ritari. Tillaga Egils samþykkt.

Starfsmenn fundarins tóku til starfa.

1 Skýrsla stjórnar:

- a. Formaður fór yfir reikninga deildarinnar, helstu niðurstöður voru eftirfarandi:
 - i. Gjöld: 7.714.404 kr.
 - ii. Tekjur: 7.877.600 kr.
 - iii. Hagnaður: 163.196 kr.
 - iv. Inneign hjá sveitarsjóði: 350.694 kr.
- b. Formaður fór yfir það helsta sem stjórn deildarinnar hefði aðhafst á liðnu ári og meðal annars frá þeim hugmyndum sem uppi væru, má þar nefna:
 - i. Byggja þarf einn rúmgóðan skála, gaddavísgirðingu á milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, leggja þarf nýjan veg að Álkuskála, fá grafinn skurð við niðurrekstrarleið í Grímstungulandi. Jafnframt sagði formaður að göngur hefðu gengið vel í haust eins og reikningar sýna. Ennfremur sagði hann að nauðsynlegt væri að bæta við átta (8) gistirýmum hjá Öldumóðuskála fyrir haustið 2019.

2 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

- a. Valur Magnússon:
 - i. Valur, sagði miðað við reynslu síðasta árs þyrfti að fjárfesta í talstöðvum, stækka og betrubæta náttuga við Undirfellsrétt og fá sér hólf fyrir gangnahross, endurmerkja dilka í Undirfellsrétt.
- b. Árni Bragason:
 - i. Árni, vildi sjá ákveðna útfærslu á skipulagi í göngum í tengslum við nýjan skála áður en farið yrði af stað. Jafnframt fannst Árni kærulaust að draga seinni göngur á Haukagilsheiði eins og gert var haustið 2018.
- c. Formaður:
 - i. Formaður svaraði þeim Vali og Árni.
- d. Einar Svavarsson:
 - i. Einar, taldi áætlanir um staðsetningu á nýjum skála vera á versta stað heiðanna. Einar vildi frekar sjá nýjan skála í Öldumóðu. Jafnframt vildi Einar sjá breytingar á Bótarsmölun og taldi að sveitarstjórn og fjallskilastjórnin þyrftu að eiga orð við umsjónarmenn Hálsanna að austan vegna eftirlegu kinda.
- e. Birgir Ingbórsson:
 - i. Birgir greindi m.a. frá fyrirkomulagi Víðdælinga í göngum. Jafnframt sagði hann að forsenda að fá mannskap í göngur, byggist m.a. á góðum skála og góðri aðstöðu og huga ætti að því að byggja einn nýjan skála fyrir báðar heiðar og að það hefðu haft við hann samband aðilar sem hefðu áhuga á nýtingu skálans. Einnig talaði hann um að menn yrðu að fara nýta sér tæknina, til dæmis dróna og talstöðvar.

FJALLSKILADEILD GRÍMSTUNGU- OG HAUKAGILSHEIÐA

- f. Birgir Þór Haraldsson:
- Birgir tók undir það að þörf væri fyrir talstöðvar og vildi sérsniðið vesti a sig fyrir göngur. Birgir velti fyrir sér staðsetningu nýs skála og velti upp spurningunni hvort rétt væri að byggja hann við Öldumóðu.
- g. Ólafur Magnússon:
- Ólafur, tók undir þau sjónarmið að rétt væri að nota talstöðvar og vildi sjá að gefin yrðu út kort fyrir gangnamenn, jafnframt vill hann sjá að gerðar verði úrbætur á náttögum. Einnig vill Ólafur sjá að Haukagilsheiðarmenn stökkva yfir á og hjálpa til við að klára smölun á Grímstunguheiði. Ennfremur hvatti hann menn til að laga vegina sem fyrir eru áður en farið yrði í nýlagningar og spurði um útteilingar fjallskila, en honum þykir það misskipt.
- h. Magnús Sigurðsson:
- Magnús, ræddi um nýja girðingu, til að girða af fremri hluta afréttar, taldi það ráð. Magnús hvatti jafnframt til úrbóta í vegagerð og að leitað yrði nýrra leiða í þeim málum. Magnús tók undir þörf um nýjan skála með viðunandi aðstöðu.
- i. Formaður:
- Egill svaraði Ólafi með prósentuhlutfall, að það væri að mestu leiti geðþótta ákvörðun, með tilliti til væntinga.
- j. Jón Árni Magnússon:
- Jón sagði að kort væri gott til hliðsjónar í göngum.
- k. Sigurður Magnússon:
- Sigurður, sagði að sér hefði blöskrað framkoma gangnamanna í haust og lagði til að eftir göngur, yrði haldinn rýnifundur til að vinna úr því sem betur mætti fara. Jafnframt vildi Sigurður sjá niðurröðun gangna, taka mið af hæfni smala og þá með tilliti til hesta og hunda.
- l. Þóra Margrét Lúthersdóttir:
- Þóra, tók undir að gott væri að fá talstöðvar og kort fyrir óvana.
- m. Einar Svavarsson:
- Einar tók aftur til máls og hvatti til að menn ynnu meira saman. Einar taldi að fé ekki hafa þyngst síðustu 15 ár og velti því fyrir sér hvort það yrði ekki þyngjandi að fá fé vestan frá vötnum á Grímstunguheiðina. Einar óskaði eftir að formaður myndi svara fyrirspurninni um útigöngufé á Hálsunum.
- n. Formaður:
- Egill, sagði að útigöngufé á Hálsunum hefði ekki komið inn á hans borð fyrr en eftir á.
- o. Árni Bragason:
- Árni, tók aftur til máls og sagði að grafa skurð í Grímstungulandi væri mjög gott framtak og hvatti menn til að vanda jöðrun milli Grímstunguheiðar og Auðkúluheiðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.